

## 10. Hagfræði

*Ingvar Björnsson*

Vinna ráðunauta við rekstrarráðgjöf árið 2009 markaðist af þeim aðstæðum sem skapast hafa eftir mikið efnahagshrun haustið 2008. Hruninu fylgdi gengishrun íslensku krónunnar og tilheyrandi hækkun erlendra lána og erlendra aðfanga. Bændur líkt og margir aðrir höfðu gengið langt í því að skuldbreyta lánnum sínum úr íslenskum krónum í erlenda mynt til þess að lækka fjármagnskostnað sinn. Strax í kjölfar gengishrunsins var ljóst að mörg bú gætu ekki staðið við skuldbindingar sínar og greitt af erlendum lánnum sem í mörgum tilvikum höfðu tvöfaldast. Veturinn 2009 einkenndist af óvissu og aðgerðum sem miðuðu að því að leysa vandamál til skemmri tíma en á haustmánuðum tók að skýrast til hvaða aðgerða fjármálastofnanir ætluðu að grípa. Segja má að mikið hafi mætt á ráðunautum í þessu ferli því bankar hafa í sinni vinnu stuðst við áætlanir búnaðarsambandanna.

Aðgerðir fjármálastofnana gangvart einstaklingum og fyrirtækjum eru ýmist almennar eða sértækar. Meðal almennra leiða eru höfuðstólslækkunar á erlendum lánnum og í kjölfarið skuldbreyting yfir í íslensk lán. Þeirri skuldbreytingu fylgir vaxtahækkun og í fæstum tilvikum dugir þessi leið þeim sem eru í verulegum skuldavanda. Í slíkum tilvikum kemur til skuldaaðlögunar þar sem reynt er að finna skuldaþol búsin og vinna út frá því. Arionbanki kynnti fyrstur s.k. skuldaaðlögun fyrir bændur haustið 2009 og nú á vormánuðum 2010 bendir flest til þess að aðrar fjármálastofnanir ætli að feta svipaða slóð. Skuldaaðlögun byggir á því að gerðar eru ítarlegar greiningar á rekstri búa og rekstraráætlun ásamt vandaðri greinargerð. Greiningunum er ætlað að meta skuldaþol búsin og eru afborgunarhæfar skuldir stilltar af miðað við það. Það sem stendur út af er ýmist afskrifað eða sett á biðreikning til þriggja ára. Nokkur bú á svæðinu hafa sótt um skuldaaðlögun og hefur mikil vinna farið í að undirbúa gögn fyrir þessa aðila og í einhverjum tilvikum að funda með bankafólki. Það er ljóst að nokkur tími mun líða þar til allir bændur verða komnir fyrir vind í sínum skuldamálum og í einhverjum tilvikum munu bú verða seld eða leyst upp. Það hefur þó verið meginkrafa samtaka bænda að þau bú sem voru ágætlega rekstrarhæf fyrir hrun verði það að lokinni skuldaaðlögun.

Önnur vinna við rekstraráætlanagerð hefur verið með hefðbundnu sniði. Eðli málsins samkvæmt hefur minna verið um áætlanir vegna framkvæmda en í einhverjum tilvikum þó vegna greiðslumarksskaupa, jarðakaupa og annara framkvæmda. Alltaf er eitthvað um áætlanagerð vegna styrkumsókna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins og aðra sjóði.

### Ráðhildur

Í öllum þeim hræringum sem að ofan er lýst hefur rekstrarverkefnið Ráðhildur setið nokkuð á hakanum. Þátttakendur á árinu 2009 voru 37 talsins og gerðar voru rekstrargreiningar fyrir flesta þátttakendur. Eftirfylgni var minni en undanfarin ár en þó ber að geta þess að unnið var fyrir mjög marga þátttakendur í Ráðhildi í tengslum við skuldamál. 34 búanna eru kúabú, þar af 30 í Eyjafirði. Einungis 3 sauðfjárbú eru í verkefninu og liggja því ekki fyrir marktæk gögn um rekstur sauðfjárbúa á svæðinu. Í meðfylgjandi töflum má sjá samanburð á rekstri 24 eyfirskra kúabúa sem tóku þátt í Ráðhildi árin 2008 og 2009. Tölurnar eru birtar á verðlagi ársins 2009.

Tafla 22. Greining á rekstri 24 kúabúa í Eyjafirði árin 2008 og 2009

	2009	2008	2009	2008
Innvegnir mjólkurlítrar	229.555	232.564		
Greiðslumark í mjólk, lítrar	218.511	223.899		
	bús. kr		kr á innveginna lítra	
Heildartekjur	29.562	30.454	129 kr.	131 kr.
Breytilegur kostnaður	10.432	11.152	45 kr.	48 kr.
Framlegðarstig	65%	63%		
Fastur kostnaður	3.303	3.256	14 kr.	14 kr.
Tekjur, f. laun, fyrn. og vexti	15.827	16.046	69 kr.	69 kr.
Fyrningar samtals	5.186	7.188	23 kr.	31 kr.
Fjármagnsliðir samtals	11.526	41.899	50 kr.	180 kr.
Launagreiðslugeta	- 886	- 33.041	- 4 kr.	- 142 kr.
Skuldir alls	96.212	103.865	419 kr.	447 kr.
Hlutfall skulda og tekna	3,3	3,4		

Tölur ársins 2008 eru framreiknaðar til ársins 2009 (m.v. meðaltal neysluverðsvísitölu)

Mjólkurinnlegg búanna minnkar lítillega á milli ára en innvegnir lítrar eru að meðaltali 229.555 árið 2009. Greiðslumarkið minnkar á milli ára sem nemur skerðingu þess á landsvísu og er að meðaltali 218.511 fyrir verðlagsárið 2009-2010. Heildarvelta minnkar lítillega á milli ára að raungildi og er 29,6 milljónir árið 2009. Athygli vekur að breytilegur kostnaður lækkar á milli ára og er samtals 10,4 milljónir árið 2009 og framlegðarstigið hækkar úr 63% í 65%. Þetta kemur nokkuð á óvart þar sem aðföng hækkðu vegna gengisbreytinga á milli árána 2008 og 2009. Þetta bendir til þess að bændur hafi náð að hagræða í rekstri umfram aðfangahækkunir sem er mjög jákvætt. Sem fyrr er þó mikill breytileiki í rekstrarárangri búa og sem dæmi um það sveiflast framlegðarstigið frá 56% þar sem það er lægst í 74% þar sem það er hæst.

Fastur kostnaður stendur í stað á milli ára en tekjur fyrir laun, fyrningar og vexti lækka lítillega á milli ára. Þá lækka fjármagnsliðir verulega en háir fjármagnsliðir árið 2008 skýrast af gengistapi vegna hækkunar erlendra lána. Erfitt er orðið að lesa raunverulegan vaxtakostnað út úr tölum um fjármagnsliði vegna áhrifa gengisbreytinga. Eftir verulega skuldahækkun á milli árána 2007 og 2008 lækka skuldir lítillega að raungildi á milli árána 2008 og 2009 en eru engu að síður að jafnaði riflega þreföld velta. Skuldastaða er vissulega breytileg og í þessu úrtaki er hlutfallið skuldir/velta á bilinu 0,5 til 7,7.

Þegar litið er á nánari greiningu á breytilegum kostnaði virðist sem bændur hafi einkum náð að draga saman kjarnfóður- og áburðarkaup sem jafnframt eru stærstu útgjaldaliðirnir. Skýrist þetta af hluta af því að mikil áhersla var lögð á bættu nýtingu áburðar og góða nýtingu búfjáráburðar og minni áhersla var á framleiðslu umframmjólkur sem dró úr kjarnfóðurþörf. Þá má gera ráð fyrir að margir hafi gefið upp fyrningar og dregið úr fóðuröflun að einhverju leyti. Margt bendir til þess að einhverjir bændur hafi gengið of langt í sparnaði áburðar og kaupi því meira magn vorið 2010.

Tafla 23. Greining á breytilegum kostnaði 24 kúabúa í Eyjafirði árin 2008 og 2009

	þús. kr		kr á innveginn lítra	
	2009	2008	2009	2008
Kjarnfóður	2.897	3.185	12,6 kr.	13,7 kr.
Annað aðkeypt fóður	382	318	1,7 kr.	1,4 kr.
Áburður	1.519	1.916	6,6 kr.	8,2 kr.
Annað v/ræktunar	345	293	1,5 kr.	1,3 kr.
Rekstur búvéla	1.643	1.651	7,2 kr.	7,1 kr.
Rúlluplast og garn	517	510	2,3 kr.	2,2 kr.
Hreinlætisvörur	143	112	0,6 kr.	0,5 kr.
Aðrar rekstrarvörur	577	545	2,5 kr.	2,3 kr.
Lyf og dýralækningar	572	621	2,5 kr.	2,7 kr.
Sæðingagjöld	53	65	0,2 kr.	0,3 kr.
Búnaðargjald	322	346	1,4 kr.	1,5 kr.
Flutningar	527	592	2,3 kr.	2,5 kr.
Jarðvinnsla	96	40	0,4 kr.	0,2 kr.
Heybinding og þökkun	467	380	2,0 kr.	1,6 kr.
Önnur þjónusta	371	579	1,6 kr.	2,5 kr.
<b>Samtals</b>	<b>10.432</b>	<b>11.152</b>	<b>45,4 kr.</b>	<b>48,0 kr.</b>

Tölur ársins 2008 eru framreiknaðar til ársins 2009 (m.v. meðaltal neysluverðsvisitölu)

## Bókvís ehf

*Jón Hlynur Sigurðsson*

Bókvís ehf er sjálfstætt starfandi fyrirtæki í bókhaldsþjónustu í eigu Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Unnið er bókhald fyrir bændur, einstaklinga og minni fyrirtæki. Þá sér Bókvís um bókhald fyrir búnaðarsambandið og ýmis félög og stofnanir á sambandssvæðinu. Auk bókhaldsvinnu selur Bókvís búnaðarsambandinu ýmsa vinnu tengda starfsemi og tölvuþjónustu. Húsnæði og aðstaða er leigð af BSE. Fastir starfsmenn eru að jafnaði 2-3 en auk þess er keypt vinna af BSE á álagstímum.

Árið 2009 voru unnin virðisaukaskattsuppgjör fyrir um 80 bændur en í heild voru unnin uppgjör og skattframtöl fyrir um 125 bændur. Þá voru um 20-25 fyrirtæki og einstaklingar í tveggja mánaða uppgjóri auk þess sem Bókvís sér um launauppgjör fyrir allmarga bændur og fyrirtæki. Skattauppgjör eru veigamikill þáttur í starfsemi og mikill álagstími á vorin í uppgjörum. Árið 2009 voru eins og fyrr segir gerð skattframtöl fyrir um 125 bændur, um 25 einstaklinga með rekstur, um 50 lögaðila og um 160 einstaklinga, samtals var skilað 360 framtölum.

Auk bókhaldsvinnu sinna starfsmenn Bókvís ýmsum tilfallandi störfum fyrir Búnaðarsambandið, s.s. vörusölu, tölvuvinnu, síma vörslu o.fl. Aðstoð við samningagerð, stofnun einkahlutafélaga og fleira því tengt er all nokkur og vaxandi þáttur í starfsemi.

Fastir starfsmenn allt árið voru Jón Hlynur Sigurðsson, Þórður Gunnar Sigurjónsson og Hildur Aðalsteinsdóttir í 80% starfshlutfalli. Þá starfaði Rafn Arnbjörnsson við virðisaukaskatts- og skattauppgjör.